

Nd.

263. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá Árna Jónssyni.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjrhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvihjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfjelaga.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjölögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Britt. 200 er jafnframt tekin aftur.